



## Áætlanir um umbætur og þróunarstarf – innra og ytra mat

Í útgáfu Menntamálastofnunar „Gæðastarf í grunnskólum“ 2. útg. 2018 kemur meðal annars fram bls. 5 :

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Einnig er því lýst að hver grunnskóli eigi með kerfisbundnum hætti meta skólastarfið og gera grein fyrir matinu og birta á heimasíðu skólans. **Ytra mat** er einnig framkvæmt af Menntamálastofnun.

### Nýr þjónustusamningur staðfestur af Menntamálastofnun 2020

Skólaárið 2019 – 2020 staðfesti Reykjavíkurborg nýjan þjónustusamning við Tjarnarskóla ehf sem fékk síðan staðfestingu Menntamálastofnunar á vormisseri 2020.

Við í Tjarnarskóla höfum stundað kerfisbundið innra mat allt frá skólaárinu 2008 – 2009.

Sjá má nánar á heimasíðu skólans á slóðinni: <http://www.tjarnarskoli.is/page/sjalfsmat>

Nýjustu umbótaáætlun (2019 – 2020) má sjá hér: <http://sm.tjarnarskoli.is/skrar/umbotaaetlun-2019-2020/umbtaetlunin-2019-2020.pdf>

